

A 1794/holdbart

| | |
|------------|-------------------------|
| Flytjandi | Norræna sjálfbærnefndin |
| Afgreiðsla | Norræna sjálfbærnefndin |

Nefndartillaga um sjálfbæra neyslu og framleiðslu**Tillaga**

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að greina tækifærin sem felast í að fjölga vörflokkum Svansmerkisins og finna hvaða vörur væri heppilegt að taka með í vörflokka Svansmerkisins í því skyni að greiða fyrir umskiptum til sjálfbærs hringrásarkerfis og vinna að því að þessar vörur heyri undir Svansmerkið.

Skýringar

Norsk [rannsókn](#) frá 2018 sýnir að áætlaður líftími rafeindabúnaðar er að styttest. Þrátt fyrir að neytendur séu ábyrgir gjörða sinna hafa þeir ekkert um þessa þróun að segja. Ástæða styttri líftíma rafeindabúnaðar í dag er aukin geta búnaðarins og aukin notkun stafrænnar tækni. En á sama tíma gengur viðskiptalíkan framleiðenda oft út á að við eigum að kaupa nýja vöru þegar hlutirnir bila. Upplýsingar um áætlaðan líftíma vöru gefa neytandanum hugmynd um hve lengi megi vænta þess að varan endist. Fyrir framleiðendur gæfi slíkt kerfi færi á að keppa um að veita neytandanum betri ábyrgð en lágmarkskröfur segja til um. Meðvitað val styrkir stöðu neytenda og auðveldar rétt val.

Svansmerkinu er umhugað um að vörur innihaldi minnsta hugsanlega magn þungmálma og efna sem eru skaðleg umhverfinu og að vöurnar nýti orku á sem bestan hátt. Svansmerkið skoðar hvað verður um vöruna að notkun lokinni og gerir kröfur um aukna endurvinnslu og takmörkun úrgangs. Gerðar eru kröfur til endurnýjanlegra, enduruninna og sjálfbærra hráefna, góðrar nýtingar auðlinda og orku, gæða og líftíma, vöruhönnunar, sundurhlutunar og möguleika á viðgerðum og meðferðar úrgangs. Það eru fyrst og fremst sjónvarpstæki og dufthylki sem Svansmerkið nær til. Í Svansmerktum dufthylkjum eru t.d. gerðar kröfur um að tómunum hylkjum sé safnað og þau fyllt á nýjan leik svo spara megi hráefni.



Álit nefndarinnar

Nefndin telur sjálfbæra neyslu og framleiðslu vera mikilvæga, bæði með tilliti til að uppfylla heimsmarkmiðin og sér í lagi til að berjast gegn loftslagsbreytingum. Nefndin hefur áður sett fram tillögu um að leggja áherslu á neytendur sem áhrifavalda í loftslagsbaráttunni og telur að Norðurlöndin ættu að vera í fararbroddi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og að það sé einnig undir hverjum og einum neytanda komið að láta til sín taka. Auk þess ættu Norðurlöndin að nýta sér mun betur núverandi verkfæri eins og Svansmerkið og vinna að því að Svansmerkið nái til mun fleiri vörutegunda.

Kaupmannahöfn, 25. júní 2019

Angelika Bengtsson (SD)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Ingalill Olsen (A)
Ketil Kjenseth (V)
Laura Tàunâjik (S)

Liselott Blixt (DF)
Magnus Ek (C)
Rasmus Ling (MP)
Sofia Geisler (IA)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)